

ALÞJÓÐASTEFNA

Ljósmyndaskólinn leggur áherslu á að búa nemendur undir að starfa sjálfstætt sem listamenn á alþjóðlegum sem og íslenskum vettvangi. Skólinn er í samstarfi við einstaklinga, skóla og stofnanir hérlandis og erlendis í þeim tilgangi að auka möguleika nemenda og efla gæði skólastarfsins.

Árlega fara nemendur Námsbrautar í skapandi ljósmyndun 2 í námsferð til Frakklands. Markvisst er leitað eftir erlendum samstarfsverkefnum listnema til að skapa tengingar sem víðast og auka víðsýni nemenda.

Stefna skólans er að:

- styrkja stöðu sína með virkri þátttöku í innlendu og alþjóðlegu samstarfi
- byggja upp samstarf við skóla og stofnanir hérlandis og erlendis
- styðja nemendur og starfsfólk skólans til þátttöku í fjölþjóðlegum verkefnum
- styðja nýútskrifaða nemendur til framhaldsnáms og þátttöku í lisviðburðum sem víðast erlendis sem og á Íslandi.